

Fundargerð fulltrúaráðs

61. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn 29. september, 2004 að Húsatóftum Skeiðum

**Mættir: Einar Njálsson, formaður, Snæbjörn Sigurðsson, varaformaður
Gunnar Þorgeirsson, ritari, Bjarki Reynisson, Bjarni Einarsson,
Ólafur Leifsson, Torfi Áskelsson og Valdimar Guðjónsson**

**Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, sem ritaði
fundargerð og Einar Sveinbjörnsson frá KPMG Endurskoðun**

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Efni fundarins var eftirfarandi:

**1. Fundargerðir stjórnar BÁ nr. 56, 57, og 58 lagðar fram.
Fundargerðir staðfestar**

2. Ársreikningur fyrir árið 2003 lagður fram

Slökkviliðsstjóri og fulltrúi frá KPMG fóru yfir helstu staðreyndir reikningsins
en þar kemur meðal annars fram skv. eftirfarandi:

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur 42.035.913 kr.

Rekstrarkostnaður 39.993.860 kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nettó - 304.720 kr.

Rekstrarniðurstaða 1.737.333 kr.

Efnahagsreikningur:

Fastafjármunir 26.663.822 kr.

Veltufjármunir 12.202.333 kr.

Eignir samtals 38.866.155 kr.

Eigið fé 13.922.360 kr.

Lífeyrisskuldbindingar 15.430.024 kr.

Langtímaskuldir 4.947.600 kr.

Skammtímaskuldir 4.566.171 kr.

Eigið fé og skuldir samtals 38.866.155 kr.

Yfirlit um sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri 2.485.057 kr.

Fjárfestingarhreyfingar - 9.949.105 kr.

Fjármögnunarhreyfingar - 1.634.500 kr.

Lækkun á handbæru fé - 9.098.548 kr.

Handbært fé í árslok 6.199.116 kr.

Reikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Slökkviliðsstjóri fer yfir starfið frá síðasta fundi og ræðir það sem helst er framundan.

Slökkviliðsstjóri sagði frá því helsta sem gerst hafði frá síðasta fundi fulltrúaráðsins. Þar kom helst fram að nú liggur fyrir samningur um kaup á einum slökkvibíl fyrir útstöð BÁ að Laugarvatni, bílinn kemur frá Póllandi og verður afhentur um áramótin. Margt fleira var rætt sem áður hefur komið fram í fundargerðum stjórnar og fulltrúaráðs.

Slökkviliðsstjóri sagði síðan frá vel heppnaðri ferð slökkviliðsmanna og maka þeirra til Prüm í Þýskalandi en ferðin var farin dagana 22-26. september s.l.

Formaður greindi frá lántökumálum

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 00.00.

Einar Njálsson Snæbjörn Sigurðsson Gunnar Þorgeirsson
Bjarki Reynisson Bjarni Einarsson Ólafur Leifsson
Valdimar Guðjónsson Kristján Einarsson
Torfi Áskelsson